

**Ed.**

**178. Breytingartillögur**

[60. mál]

við frv. til l. um rétt manna til kaupa á ítökum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 4. gr. Aftan við greinina bætist: nema ítaki sé lýst í þinglesnu landamerkjabréfi þeirrar jarðar, sem ítakið liggur í eða fyrir.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:

Nú lítur ítakseigandi svo á, að missir ítaksins skerði verulega aðstöðu til búrekstrar á jörðinni, og mótmælir sölunni á þeim grundvelli, og er þá ekki skylt að selja það, nema tveir dómkvaddir menn telji, að ítakið komi að betri notum með því heldur en liggja áfram undir jörðina, sem hefur nýtt það. Kostnað við gerðina greiðir sá aðili, er hennar óskar.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Eftir að ítaki hefur verið lýst samkvæmt 3. gr. og eignarréttur þess viðurkenndur, hefur eigandi þeirrar jarðar, er ítakið liggur í eða fyrir, rétt til að kaupa ítakið undir jörðina. Verði ekki samkomulag um kaupverð, skal ítakið metið á sama hátt og land, sem tekið er eignarnámi, sbr. lög nr. 61 14. nóv. 1917.